

Bæjarráð FW: Aukið félagsstarf fullorðinna 2021 vegna COVID-19

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Þráinn Ágúst Arnaldsson
Heiti : Bæjarráð FW: Aukið félagsstarf fullorðinna 2021 vegna COVID-19
Málsnúmer : 2021030049
Málsaðili : Félagsmálaráðuneyti
Skráð dags : 11.03.2021 16:06:29
Höfundur : Þráinn Ágúst Arnaldsson

Með kveðju

Þráinn Ágúst Arnaldsson, Bókhald
450 8045 - 848 0321 – thrainna@isafjordur.is

From: Félagsmálaráðuneytið [mailto:frn@frn.is]
Sent: fimmtudagur, 11. mars 2021 15:53
Cc: Félagsmálaráðuneytið
Subject: Aukið félagsstarf fullorðinna 2021 vegna COVID-19

Félags- og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög til að efla félagsstarf fullorðinna á árinu 2021, með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna COVID-19. Eldri borgarar hafa víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun vegna samkomutakmarkana og sjálfsskipaðrar sóttkvíar. Af þeim sökum er sérstaklega mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu, tæknilæsi og forvarnir með það að markmiðið að auka lífsgæði og heilbrigði fólks, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun.

Samþykkt hefur verið að styðja við þau sveitarfélög sem, vegna COVID-19, hyggjast auka við starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna 2021 umfram hefðbundið starf.

Á þessum grundvelli gefst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna árið 2021. [Alls hefur verið samþykkt að veita 80 milljónum króna til þessa verkefnis á landsvísu.](#) Gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag geti sótt um 1.700 kr. fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu sem er 67 ára og eldri miðað við upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands 1. janúar 2020. Þó er gert ráð fyrir að lágmarksframlag verði ekki undir 100.000 krónum.

Þau sveitarfélög sem óska eftir fjárframlagi skulu sækja um í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is>. [Umsóknarfrestur er til 7. apríl kl.16:00.](#)

Gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag skili inn einni umsókn þótt um sé að ræða fleiri en eitt verkefni. Í umsókninni þarf að koma fram (sjá nánar í umsóknareyðublaði)

- verkefnisáætlun,
- tímalína,
- markhópur
- samstarfsaðilar

- fjárhagsáætlun
- tengiliður sveitarfélags vegna umsóknarinnar

Uppfylli verkefnið markmiðið um aukið félagsstarf fullorðinna árið 2021 vegna COVID-19 fær sveitarfélag greiðslu í byrjun júní 2021.

Þau sveitarfélög sem fá fjárframlag til verkefnisins skulu skila stuttri skýrslu um árangur verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins, fyrir 1. febrúar 2022, á netfangið frn@frn.is undir heitinu *Skýrsla um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna árið 2021 vegna COVID-19 frá „nafn sveitarfélags“*.

Nánari upplýsingar veitir Birna Sigurðardóttir sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, birna.sigurdardottir@frn.is

Björk Birkisdóttir, skjalastjóri / Records Manager

Félagsmálaráðuneyti / Ministry of Social Affairs

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing